

**S A M Þ Y K K T****fyrir Veidifélag Vatnsdalsár.****1. gr.**

Félagið heitir Veidifélag Vatnsdalsár. Heimili þess og varnarþing er á Sveinsstöðum í Sveinsstaðahreppi.

**2. gr.**

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsó og Giljá og framrennsli þeirra, en jarðirnar eru: Hjaltabakki, Skinnastaðir I og II, Akur, Stóra-Giljá, Litla-Giljá, Beinkelda I og II, Hnausar I og II, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland með Grundarkoti, Hvammur I og II, Eyjólfusstaðir, Bakki, Hof, Kötlustaðir, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Kvisthagi, Hjarðartunga, Grimsstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsó, Kornsó II, Gilsstaðir, Flaga, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólstaður I og II, Miðhús, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II, Þingeyrar og Geirastaðir.

**3. gr.**

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og leigja það til stangaveiði, eða nytja veiðina á annan hátt samkvæmt landslögum. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

**4. gr.**

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, ásamt varamönnum. Enginn félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi setið þrjú undanfarandi ár í stjórninni. Aldrei má nema einn stjórnarnefndarmaður vera búsettur í sama hreppi.

**5. gr.**

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar (samanber þó 3. gr.). Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Þó má leyfið eigi vera nema til eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt leyfi verði til umræðu.

**6. gr.**

Aðalfund skal halda í janúar eða febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur, ásamt varamönnum til þriggja ára.

**7. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Aðalfundur getur ákveðið, að leggja allt að 2% — tvo af hundraði — af ársarði félagsins í sérstakan sjóð, er ætlaður sé til umbóta á fiskvegi, eða á annan hátt til aukningar fiskgengd í ánni.

## 9. gr.

Heimilt skal að endurskoða arðskrá félagsins á 10 ára fresti, þó getur helmingur félagsmanna krafizt endurskoðunar á 5 — fimm — ára fresti.

## 10. gr.

Eftir því, sem ekki er fram tekið í samþykkt þessari um starfsemi félagsins, fer eftir IX. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

## 11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 115 30. júní 1960 fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

*Landbúnaðarráðuneytið, 19. janúar 1965.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Jón L. Arnalds.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður verði hannaðar í Garðastræti, vestan megin götunnar.
2. Bifreiðastöður verði hannaðar á Þórsgötu, norðaustan megin götunnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 19. janúar 1965.*

**Sigurjón Sigurðsson.**